



Umhverfissvið Kópavogsbæjar
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 5. febrúar 2025

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi við Urðarhvarf 10

Veitur hafa rýnt breytingu á deiliskipulagi við Urðarhvarf 10. Í breytingunni felst aukningu byggingarmagns úr 5.900m² í 6.600m² og hækkun byggingarreits úr 5 hæðum í 6 efsta hæðin verður inndregin, mun þakkóti byggingar hækka úr 123,42m. í 126,92m. Nýtingarhlutfall ofanjarðar eykst úr 0,63 í 0,74, nýtingarhlutfall ofan- og neðanjarðar (samanlagt) eykst úr 1,0 í 1,1.

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Skýringarmyndir sem fylgja breytingunni eru ekki í samræmi og óljóst er hvort að byggingarveitur bílarkjallara fari yfir lagnaleið rafmagnslagna. Kvöð er á lóðinni um lagnirnar og mikilvægt er að taka tillit til lagnanna á framkvæmdatíma og verja þær með viðeigandi hætti sé þess þörf. Ef óskað er eftir færslu lagna þá þarf það að vera gert tímanlega og í samráði við Veitur. Kostnaður við færslu lagna lendir hjá þeim sem óskar eftir færslunni.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi samráðs á öllum stigum skipulagsvinnunnar. Jafnframt óska Veitur eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að færslu lagna sé þess þörf.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026